



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÓLYMPIULEIKARNIR

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú verða viðstödd setningu Ólympíuleikanna í London á morgun, föstudaginn 27. júlí. Síðdegis í dag heimsækja þau Ólympíuþorpið, heilsa upp á íslensku keppendurna, þjálfara og fararstjóra, og verða ásamt forystu Íþróttá- og Ólympíusambandsins viðstödd sérstaka athöfn þar sem Ísland er boðið velkomið til leikanna.

Áður en setningarathöfnin hefst á morgun munu forsetahjónin ásamt öðrum þjóðhöfðingjum vera í boði Elísabetar II Englandsdrottningar í Buckinghamhöll.

Á laugardag og sunnudag munu forsetahjónin fylgjast með keppni íslenskra þátttakenda, m.a. fyrsta leik handboltaliðsins sem fram fer á sunnudagsmorgun.

26. júlí 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).